

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvöruheymslur með síðari breytingum.

#### 1. gr.

1. mgr. 28. gr. orðist svo:

Vöru má senda ótollafgreidda úr almennri tollvöruheymslu til annarrar tollhafnar. Um flutning á tollgeymsluvöru milli tollhafna eða tollumdæma gilda reglurnar um flutning á ótollafgreiddum varningi innanlands.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 26. gr. laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvöruheymslur o. fl., öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1984.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslutíma verslana í Grindavík.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hverskonar smásöluverslunar í Grindavík. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

#### 2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smávöruverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07.00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23.30 alla daga vikunnar, sbr. þó 3. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur heimilað, að verslanir séu opnar á tímabilinu frá kl. 23.30 til 07.00 að morgni.

#### 3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn. Bæjarstjórn getur þó heimilað að verslanir séu opnar þessa daga.
- c) aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

## 4. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisráðs, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í gr. 2., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

## 5. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

## 6. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

## 7. gr.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisráð setja fyrir leyfi, og/eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1984.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 12  
24. janúar 1949.**

## 1. gr.

Á eftir 82. gr. komi ný grein, 82. gr. a, svohljóðandi:  
Óheimilt er að reka leiktækjasali, þar sem starfræktir eru spilakassar og/eða rafeinda-tæki.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1984.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*